

# Lawh-i-Fu'ád

## Pistill til Fu'ád

Bahá'u'lláh

• • •

### Efnisyfirlit

Lawh-i-Fu'ád

Skýringar

• • •

## Lawh-i-Fu'ád

(Pistill til Fu'ád)

Hann er hinn heilagasti og aldýrlegi!

Káf. ZÁ.<sup>1</sup> Vér köllum til þín yfir haf tignar, frá fagurrauða landinu, ofar sjónhring þrengingar. Vissulega er enginn Guð nema Hann, hinn almáttugi og örlátasti. Ver staðfastur í málstað Mínum og gakk ekki vegu þeirra sem afneituðu Guði, Drottni Drottna, þegar þeir fengu óskir sínar uppfylltar. Brátt mun Hann grípa þá í heiftarreiði sinni og vissulega er Hann hinn alvoldugi, hinn sigursæli.

Vita skalt þú að Guð hefur í krafti máttar síns hremmt leiðtoga<sup>2</sup> þeirra sem felldu dóm yfir Oss. Þegar hann sá þrenging sína nálgast flúði hann til Parísar að leita læknis.

Hann spurði: „Kemur enginn mér til hjálpar?“

Slegið var á varir hans og sagt: „Þér er engrar undankomu auðið!“<sup>3</sup>

Og þegar hann sneri sér að engli reiðinnar var hann nær dauða en lífi af ótta. „Ég á hús fullt fjársjóða,“ sagði hann bænarrómi. „Ég á höll við Hellusund þar sem fljótin streyma.“

Engillinn svaraði: „Ekkert lausnargjald verður af þér þegið á þessum degi jafnvel þótt þú bjóðir allt sem til er í sýnilegu og ósýnilegu veröldunum. Heyrir þú ekki andvörp ástvina Guðs sem þú varpaðir í þrisund án sannana og vitnisburðar? Íbúar paradísar kveinuðu yfir gerðum þínum og þeir sem kvölds og morgna ganga kringum háseti Hins hæsta. Reiði Guðs er yfir þér og hörð er hegning Hans!“<sup>4</sup>

Hann svaraði: „Ég hafði mannaforráð og hér er valdsumboð mitt.“

„Haf þig hægan, ó þú sem afneitar dómsdegi!“<sup>5</sup>

Hann sárþændi: „Er ekki frest að fá, að ég megi senda eftir fjölskyldu minni?“

„Því fer fjarri, ó þú sem ekki trúðir orðum Guðs!“

Og þá kölluðu varðmenn undirdjúpsins til hans: „Hlið heljar standa opin og bíða þín, ó þú sem snerir frá Drottni þínum, hinum óhefta! Hverf í eldinn því hann bíður þín fullur löngunar. Hefur þú gleymt því, ó úrhak, þegar þú varst Nimrod tímanna, hvernig grimmd Faraós stjakadrottins<sup>6</sup> bliknaði fyrir harðneskju þinni? Ég sver við Guð! Ranglæti þitt hefur svipt sundur blæjum heilagleika og skekið stoðir himinsins. Hvar áttu þér athvarf núna? Hver á að vernda þig gegn brennandi reiði Drottins þíns, hins

alvalda? Ekkert skjól er þér búið á þessum degi, ó guðlausí afneitari!“ Og þá greip hann dauðans kvöl og hann hætti að sjá. Þannig hremmdum Vér hann í reiði Vorri og sár er refsing Drottins þíns.

Engillinn hægra megin hásetisins kallaði til hans: „Sjá þjáníngarengilinn. Er nokkurt afdrepi að finna nema eldsdíkíð þar sem hjartað<sup>7</sup> stíknar?“ Og refsíengillinn tók við anda hans og rödd sagði: „Hverf í undirdjúpið sem heitið var í bókinni og þú afneitaðir alla daga!“

Brátt munum Vér senda burt þann sem var honum líkur<sup>8</sup> og grípa leiðtoga þeirra sem stjórnar landinu<sup>9</sup> og Ég er í sannleika hinn almáttugi, alvaldi. Ver staðfastur í málstað Guðs og vegsama Drottin þinn kvölds og morgna. Leyf ekki ljósi sálar þinnar að slokkna vegna lastmæla hans sem blindaðist svo af gjöfum Vorum að hann sneri sér frá Guði, Drottni allra nafna. Hann innblæs dygga fylgjendur sína líkt og hinn illi freistar sinna eigin. Áður en langt um líður muntu sjá augljóst tjón hans í þessum heimi og þeim sem kemur. Hann tilheyrir sannlega þeim sem munu þjást sárlega. Hann sendi pistil til einhvers í því landi, rit ójafnaðarmanna, þar sem hann dró dár að Guði og ritaði það sem vakti ótta öllu sem skapað er. Seg: finnur þú einhvern sem getur verndað þig gegn Guði, hins almáttuga og óhefta, þegar Hann vitjar á þér reiði sinnar?

Þannig fræðum Vér þig um það sem er falið í hjörtum manna. Sannlega er Drottinn þinn hinn almáttugi og alvísi. Rís upp til sigurs fyrir þennan málstað og safna saman ástvinum Mínun. Hjálpa þeim að sjá hið sanna á þessum degi þegar fætur mannanna kíkna. Seg: Það sémir sérhverjum sönnunum átrúanda að aðstoða Drottin sinn. Hann er sannlega hjálpari ykkar, en enginn fulltingir mönnunum á þessum degi.

Síðan hremmdum Vér Mihdí<sup>10</sup> sem heitið var guðlegri hegningu í bókum Vorum og ritum. Þegar ægileg tign Vor umlukti hann bað hann svofelldum orðum: „Má ég ekki snúa við og byrja á ný?“

Rödd hrópaði: „Vei þér, ó þú sem afneitaðir upprisudegi! Þetta er hinn neðsti eldur og til þín teygja sig logar hans. Þú varpaðir frá þér öllum góðum gerðum í þínu fánýta og hégómlega lífi og nú verndar þig enginn gegn Guði. Þú ert í sannleika sá sem fékk öll hjörtu til að blikna og heilagan anda að kveina.“

Hann sárþændi svofelldum orðum: „Er ekki til afhvarf þangað sem ég get flúið?“

„Nei, ég sver við Drottin minn, þótt þú leitaðir allra tiltækra ráða!“

Þá hrópaði hann upp í slíkri angist að hinir dánunum bifudust í gröfum sínum og hönd ósýnilegs afls hremmdi hann. Rödd kunngerði síðan: „Hverf aftur til aðseturs reiðinnar í vítiseldi; ill og hörmuleg eru híbýli þín!“

Þannig gripum Vér hann eins og þá sem fóru á undan honum. Sjá hús þeirra, sem Vér höfum ánaftað köngulónunum, og sýnið aðgát, ó þér sem hafið skilning! Hann er sá sem sýndi Guði andstöðu og vers reiðinnar voru honum opinberuð í bókinni. Sæll er sá sem les þau og hugleiðir því hann fær farsælan endi.

Þannig segjum Vér þér sögu illgerðarmannanna til þess að augu þín megi huggast. En hvað þig sjálfan varðar – þín bíða sælurík forlög.

. . .

## Skýringar

Lawḥ-i-Fu'ád

1. Pistill til Fu'ád var stílaður til Shaykh Kázim-i-Samandar frá Qazvín, sem var einn af postulum Bahá'u'lláh. Sá sem fjallað er um í pistlinum, fyrrverandi ráðherra Tyrkjaveldis Fu'ád Páshá, lést í Frakklandi árið 1869. Bókstafirnir Káf

og  $\text{Zá}$  vísa til  $\text{K}$  og  $\text{Z}$  í  $\text{Kázim}$ . Pistillinn var opinberaður skömmu eftir komu Bahá'u'lláh til 'Akká. ←

2. Tyrkneski ráðherrann Fu'ád Páshá. ←
3. Sbr. Kóraninn 38:3. ←
4. Sbr. Kóraninn 13:13. ←
5. Sbr. Kóraninn 40:32. ←
6. Sbr. Kóraninn 38:12, 89:10. ←
7. „Hjarta“ er þýðing á orðinu fu'ád, eiginnafni tyrkneska ráðherrans. ←
8. 'ÁlÍ Páshá (1815-71), forsætisráðherra Tyrklands. ←
9. 'Abdu'l-'Azíz soldán Tyrkjaveldis. Soldáninn stytta sér aldur eftir stjórnarbyltingu í Tyrklandi 1883. ←
10. Mírzá Mihdíy-i-Rashtí, dómari í Konstantínópel og stuðningsmaður Mírzá Yahyá. ←